

Föstudaginn 24. júní 1994.

Nr. 263/1994.

Kristín Þóra Valdimarsdóttir

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Þrotabúi Þórs hf.

(Lárentínus Kristjánsson hdl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Lagaskil.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu samkvæmt heimild í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. til Hæstaréttar með kæru 24. maí 1994, sem barst réttinum 3. júní sl. Hún krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og skaðabótakrafa sín verði viðurkennd sem forgangskrafa við skipti þrotabús varnaraðila með vísun til 5. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en því, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

I.

Eins og fram kemur í úrskurði héraðsdóms, á fébótakrafa sóknaraðila á hendur varnaraðila rætur að rekja til slyss, er hún varð fyrir við vinnu sína hjá Þór hf. 26. september 1990. Örorkutjónsútreikningur á grundvelli örorkumats frá 6. nóvember 1991 lá fyrir 11. desember sama ár, og var mál sóknaraðila gegn félaginu þingfest 6. febrúar 1992, fjórtán og hálfum mánuði eftir slysdag. Málinu lauk með réttarsátt 29. mars 1993, en bú Þórs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 25. október sama ár. Frestdagur við skiptin er 22. september 1993.

Sóknaraðili höfðaði mál sitt í gildistíð 84. gr. laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl. Samkvæmt 6. tl. þess ákvæðis, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, nutu bótakröfur á hendur at-

vinnurekendum vegna örorku eða dauðsfalls af völdum vinnuslysa forgangs við skipti, þótt slysið hefði borið að höndum fyrr en 18 mánuðum fyrir upphaf skipta, ef mál var höfðað til heimtu bóta innan 18 mánaða frá gjalddaga. Í 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, er leysti 6. tl. 84. gr. skiptalaga af hólmi, er sams konar ákvæði um forgang bóta krafna að öðru leyti en því, að frestur til málhöfðunar er nú ekki nema sex mánuðir frá gjalddaga. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 21/1991 er ekki að finna skýringu á þessari styttingu á málhöfðunarfresti, og ekki var vikið að þessu atriði við umræður um frumvarpið á Alþingi.

II.

Í lögum nr. 21/1991 er ekki að finna ákvæði um réttarstöðu bóta-krefjanda við gjaldþrotaskipti, sem sótt hefur vinnuveitanda til ábyrgðar fyrir 1. júlí 1992 innan tilskilinna tímamarka 84. gr. laga nr. 3/1878, en ekki innan hins stytta málhöfðunarfrests yngri laganna. Sóknaraðili höfðaði mál til heimtu fébóta innan fimmtán mánaða frá slysdegi og hélt rétti sínum því til laga, eins og þá var kostur. Verður ekki talið, að unnt sé að beita hinu nýja ákvæði sóknaraðila til óhagræðis, þótt skipti á þrotabúi varnaraðila fari að öðru leyti eftir nýrri lögnum. Kröfu hennar var því haldið fram nægjanlega snemma, til þess að hún geti notið forgangs við skipti á búi varnaraðila.

III.

Eins og áður greinir, lauk málinu með réttarsátt um bætur til sóknaraðila 29. mars 1993 eða innan sex mánaða fyrir frestdag, sbr. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 og 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878. Ber að skýra niðurlagsákvæði 2. mgr. 112. gr. svo, að kröfur njóti að öðru jöfnu réttarverndar ákvæðisins, þótt máli hafi lokið með dómsátt í stað dóms, enda fer önnur niðurstaða í bága við sjónarmið um málsforræði aðila í einkamálum og úrræði til hagræðis í réttarfari.

IV.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á það með sóknaraðila, að krafa hennar, að fjárhæð 1.937.442, krónur verði viðurkennd sem forgangskrafa við gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður. Varnaraðili skal greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Krafa sóknaraðila, Kristínar Þóru Valdimarsdóttur, að fjárhæð 1.937.442 krónur, er viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 112. gr. laga nr. 21/1991 við gjaldþrotaskipti á þrotabúi Þórs hf.

Varnaraðili, þrotabúi Þórs hf., greiði sóknaraðila 150.000 krónur í kærumálskostnað.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar og Ingibjargar Benediktsdóttur

Við eru samþykkt I. og III. kafla í atkvæði meiri hluta dómenda.

Samkvæmt 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. ber að höfða mál innan sex mánaða frá gjalddaga skaðabótakröfu, til þess að hún njóti forgangs miðað við almennar kröfur og eftirstæðar kröfur, sbr. 113. og 114. gr. laganna, enda hafi dómur um hana gengið á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag eða síðar. Af ákvæðum 5. tl. 1. mgr. 112. gr. verður ekki séð, hvað átt sé við með gjalddaga í þessu tilliti, og er það fyrst í 2. mgr., sem á hugtakið reynir varðandi þessar kröfur. Orðalag og markmið þess ákvæðis gefa eindregið til kynna, að með gjalddaga bótakröfu sé þar tekið mið af þeim tíma, þegar hið fjárhagslega tjón verður staðreynt með örorkumati og tjónsútreikningi eða öðrum aðferðum, sem við eiga. Leiðir þetta þegar af því, að mál til heimtu á kröfu, eins og um ræðir í málsgreininni, verður að jafnaði ekki höfðað, nema sá tími sé kominn. Jafnframt styðst þessi skilningur við almenn sjónarmið um það, hvað sé gjalddagi eða eindagi skaðabótakröfu. Ljóst er og, að ákvæði 2. mgr. 112. gr. eru ónothæf og gagnslaus varðandi þessar kröfur, ef litið er svo á, að höfða beri mál innan 6 mánaða frá slysdegi, þar sem fullyrða má, að örorkumat liggur nær aldrei fyrir innan þess frests. Á það ekki síst við í hinum alvarlegri slysum.

Í máli þessu liggur fyrir, að sóknaraðili fylgdi bótakröfu sinni fram frá öndverðu með eðlilegum hætti, og var fjártjón hennar stað-

reynt með örorkumati og útreikningi á þeim tíma, sem hæfilegur var eftir aðstæðum. Hefur hún ótvírætt fullnægt skilyrðum þess, að skaðabótakrafa hennar fái notið forgangsréttar á grundvelli 2. mgr. 112. gr. Á þessum forsendum erum við samþykkt því, að krafan verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabúi varnaraðila. Við erum einnig sammála öðrum dómendum um málskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 11. maí 1994.

I.

Kröfur aðila.

Mál þetta, sem varðar ágreining við gjaldþrotaskipti, var þingfest 4. mars 1994 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 14. apríl 1994.

Sóknaraðili, Kristín Þóra Valdimarsdóttir, kt. 070944-2869, Sunnubraut 5, Grindavík, gerir þá dómkröfu, að krafa hennar, að fjárhæð kr. 1.937.442,00, á hendur varnaraðila verði viðurkennd sem forgangskrafa við gjaldþrotaskipti. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðila samkvæmt mati réttarins.

Varnaraðili, þrotabúi Þórs hf., kt. 660690-1239, gerir þá dómkröfu, að hafnað verði að fjárfkrafa sóknaraðila njóti forgangs við skiptin og að staðfest verði sú ákvörðun skiptastjóra að samþykkja kröfuna sem almenna kröfu í búið. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðila samkvæmt mati réttarins.

Sáttaumleitunar dómars hafa engan árangur borið.

II.

Tildrög málsins.

Þann 25. október 1993 var bú Þórs hf., kt. 660690-1239, Hafnargötu 27, Grindavík, tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness. Skiptabeiðandi var sýslumaðurinn í Keflavík, og barst dómnum skiptabeiðni hans 22. september 1993, sem telst frestdagur við skiptin. Til að fara með skiptin var Lárentínus Kristjánsson hdl. skipaður skiptastjóri búsis. Fresti til að lýsa kröfum í búið lauk 10. janúar 1994.

Með bréfi, sem barst skiptastjóra 29. nóvember 1993, var lýst kröfu sóknaraðila í búið, að höfuðstól kr. 1.500.000,00, dráttarvöxtum kr. 126.333,00 og kostnaði kr. 349.526,00, samtals kr. 1.975.859,00. Jafnframt var þess krafist, að skuldin yrði talin til forgangskrafna við skiptin. Skiptastjóri féllst á kröfu sóknaraðila, að fjárhæð 1.937.442,00, sem almenna kröfu í búið. Þann 24. janúar 1994 var haldinn skiptafundur í búinu til að fjalla um kröfuskrá og á þeim fundi var afstöðu skiptastjóra til kröfunnar mótmælt.

Vegna þessa var á ný boðað til skiptafundar þann 14. febrúar 1994, þar sem árangurslaust var reynt að jafna ágreining um kröfu sóknaraðila. Með bréfi skiptastjóra, dags. 15. febrúar 1994, sem barst dómnum 16. sama mánaðar, var málinu vísað til dómsins og krafist úrlausnar um ágreininginn, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í skiptamáli þessu er fjárhæð kröfu sóknaraðila ágreiningslaus, svo sem hún var viðurkennd af varnaraðila. Með málsaðilum er hins vegar ágreiningur um stöðu kröfunnar í skuldaröð.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu greinir aðila á um, hvort krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila sé forgangskrafa eða almenn krafa við gjaldþrotaskipti.

Sóknaraðili varð fyrir slysi að störfum hjá Þór hf. þann 26. september 1990, og hlaut hún líkamstjón af völdum slyssins. Þann 11. desember 1991 lá fyrir örorkutjónsútreikningur tryggingastærðfræðings á fjártjóni sóknaraðila, byggður á örorkumati. Í ársbyrjun 1992 höfðaði sóknaraðili mál gegn Þór hf. til heimtu bóta, og lauk því máli með réttarsátt þann 29. mars 1993. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta þann 25. október 1993 og er frestdagur við skiptin 22. september sama ár.

Sóknaraðili heldur því fram, að gjalddagi í skilningi 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. sé sá dagur, er tjón hafi verið staðreynt, og því haldist forgangsréttur örorkubóta við gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda, sé dómsmál höfðað innan sex mánaða frá því tímamarki. Varnaraðili telur hins vegar gjalddaga í skilningi umrædds lagaákvæðis vera slysdag, svo að málsókn sóknaraðila fái því ekki breytt, að forgangsréttur fyrir kröfu hennar féll niður að átján mánuðum liðnum frá slysdegi.

Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 112. gr. er forgangsréttur örorkubóta launþega við gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda háður því skilyrði, að slys hafi átt sér stað á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag. Í 2. mgr. 112. gr. er síðan mælt fyrir um að forgangsréttur slíkra krafna falli ekki niður, „ef mál hefur verið höfðað til heimtu þeirra innan sex mánaða frá gjalddaga og dómur hefur gengið um þær á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag eða síðar“. Það er álit dómsins að skýra beri ákvæði þessi til samræmis, þannig að gjalddagi kröfu í skilningi 2. mgr. 112. gr. sé það tímamark, þegar launþegi varð fyrir slysi, enda mælir ákvæðið fyrir um úrræði kröfuhafa til að tryggja áframhaldandi forgangsrétt kröfu. Þá leiðir þessa niðurstöðu einnig af almennum reglum skaðabótaréttar, hvenær kröfur þessar gjaldfalla. Þar sem sóknaraðili höfðaði mál á hendur Þór hf. eftir að liðnir voru sex mánuðir frá því

að hún varð fyrir slysi, gat sú málsókn ekki komið í veg fyrir að forgangsréttur fyrir kröfunni félli niður, þegar liðnir voru átján mánuðir frá því tímamarki. Þykir því verða að hafna kröfu sóknaraðila um, að fjárkrafa hennar teljist forgangskrafa, og fallast á þá afstöðu varnaraðila, að krafan teljist almenn krafa við gjaldþrotaskiptin.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Kristínar Þóru Valdimarsdóttur, að krafa hennar, að fjárhæð kr. 1.937.442,00, teljist forgangskrafa, og staðfest sú afstaða varnaraðila, þrotabús Þórs hf., að krafan sé almenn krafa við gjaldþrotaskiptin.

Málskostnaður fellur niður.
